

STADARÁ I STEINGRIMSFIRDI
FISKIRANNSÖKNIR 1990

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi. mars 1990 VMST-V/91009X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

1. INNGANGUR.

Að beiðni Veiðifélags Staðarár var seiðaástand árinna kannað í lok september 1990. Markmið athugunarinnar var að að athuga þéttleika og vöxt seiða í ánni og kanna jafnframt árangur ræktunar undanfarin ár. Svipaðar rannsóknir hafa áður verið gerðar (Sigurður Már Einarsson 1986, Þórir Dan Jónsson 1982). Í fyrri skýrslum hefur umhverfi árinna ítarlega verið lýst og rannsóknaraðferðum og er vísað til þeirra hvað þessi atriði varðar.

2. NIÐURSTÖÐUR.

Veitt var í ánni á fimm stöðum. Byrjað var ofarlega nokkru neðan við ármót Sunndalsár og Norðdalsár. Einnig var veitt við Mógrafarhyl, skammt neðan við ármót Aratunguár, á móts við Hóla skammt fyrir ofan Húshyl og á einum stað í Þverá um 500 m fyrir ofan ármótin.


Efst í ánni fundust engin laxaseiði, en aðeins varð vart við bleikjuseiði. Þegar neðar dró fannst nokkuð af laxaseiðum og reyndist þéttleikinn vera 3,3 - 4,7 seiði í einni yfirferð á hverja 100 m². Náttúrulegt klak, úr hrygningu 1989 fannst við Mógrafarhyl og fyrir ofan Húshyl. Af eldri seiðum fundust engin eins árs seiði eða tveggja ára seiði af náttúrulegum uppruna, en aðeins varð vart við náttúruleg seiði þriggja og fjögurra ára gömul. Hins vegar fannst töluvert magn af sleppiseiðum, bæði eins og tveggja ára sem sleppt hefur verið árin 1988 og 1989. Þannig fundust eingöngu sleppiseiði í Þverá og sleppiseiði voru verulegur hluti af seiðamagninu á flestum öðrum veiðistöðum. Í heild fyrir alla veiðistaði reyndust sleppiseiði vera 72% af veiðinni.

Af bleikju fannst reytingur af seiðum og virtist magn hennar vaxa er neðar dró í ánni.

Í samanburði við seiðamælingar fyrri ára kemur í ljós (Mynd 1) að seiðamagn árinna hefur verið á niðurleið. Árið 1980 veiddust að meðaltali 23,4 seiði á 100 m², 1982 7,8 á 100 m² og 1985 einungis 1,2 á 100 m². Nokkur aukning varð 1990, en

MYND 1:

Meðalþéttleiki laxaseiða í Staðará 1980, 1982, 1985 og 1990.



TAFLA 1

Þéttleiki laxaseiða og bleikjuseiða á veiðistöðum í Staðará Steingrímssfirði 25.09.1990. (Fjöldi í einni yfirferð á 100 m²).

Veiðistaður	Lax					Alls	Bleikja Alls
	0+	1+	2+	3+	4+		
Efst	-	-	-	-	-	-	0,2
Mógrafarhylur	1,4	-	2,6*	0,5	-	4,5	0,6
F.n. ármót	-	1,2*	1,7*	0,2	0,2	3,3	-
Hólar	2,1	2,6*	-	-	-	4,7	1,8
Dverá	-	3,3*	-	-	-	3,3	2,0

* = Sleppiseiði

sú aukning skýrist að mest með fjölda sleppiseiða á veiðistöðum.


3. UMRÆÐUR.

Í Staðará eru erfið umhverfisskilyrði fyrir lax. Áin er köld og auk þess fremur snauð af næringarefnum. Þannig er hætt við að árgangar misfarist í köldum árum og oft koma göt í nýliðun árinna. Ennfremur hefur sjávarástand fyrir Norðurlandi verið lélegt síðustu árin. Á áratugnum 1980 til 1990 hafa þannig komið köld ár bæði til lands og sjávar sem virðast geta skýrt þá niðursveiflu í laxgengd sem orðið hefur í flestum ám á Islandi. Staðará hefur ekki farið varhluta af þessum sveiflum (Mynd 2), þótt nokkuð hafi úr rætst síðustu árin, frá árunum 1983 - 1985 er laxveiðin var í lágmarki.

Á síðustu árum hefur verið dreift sumaröldum laxaseiðum í ána í fiskræktarskyni og er rétt að halda þeim sleppingu áfram. Eindregið er þó mælt til að stofnræktun árinna hefjist sem fyrst og á hverju ári verði þannig útvegaður hrygningarfiskur til undaneldis úr ánni sjálfri, en ekki sleppt stofnum frá öðrum landshornum, sem ef til vill eru ekki aðlagaðir að þeim umhverfisaðstæðum sem eru í Staðará. Einnig er lagt til að sleppt sé stórum sumaröldum seiðum, 6-8 sm að stærð til að stytta dvalartímann í ánni og minnka þannig þau afföll sem seiðin verða fyrir. Dreifa verður seiðunum á grýttan botn í meðalstraum, því seiðin dreifa sér tiltölulega lítið sjálf. Með því að sleppa sumaröldum seiðum árlega er fyllt í þau skörð sem myndast hafa í framleiðslu árinna og slíkt ætti að minnka sveiflur í veiði. Ráðlagt er að sleppa 5000 - 10000 seiðum árlega meðan seiðaástand er rýrt eins og nú er. Áfram yrði þó að fylgjast með seiðaástandi, t.d. ef árferði batnar og áin fer sjálf að framleiða seiði í auknum mæli. Einnig kemur til greina að sleppa gönguseiðum, en slíkar seiði eru vandmeðfarnari í sleppingu og þarf að útbúa sleppitjörn við ána og fódra þau fram að sleppingu, sem fram fer fyrri hluta sumars.

MYND 2:

Laxveiði í Staðará 1973 - 1989.



4. HEIMILDASKRA.

Sigurður Már Einarsson 1986. Fiskirannsóknir í Staðará í Steingrímsfirði. Framvinduskýrsla. VMST-V/86006X. Skýrsla 12 bls.

Þórir Dan Jónsson 1982. Staðará í Steingrímsfirði. Umsögn vegna framkvæmda Vegagerðarinnar árin 1981-1982.